

## Skipulags- og samgönguráð

Ár 2021, miðvikudaginn 3. nóvember kl. 09:05, var haldinn 119. fundur skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkur. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum: Pawel Bartoszek, Hjálmar Sveinsson, Aron Leví Beck, Eyþór Laxdal Arnalds, Þórdís Pálsdóttir og Ólafur Kr. Guðmundsson, áheyrnarfulltrúarnir Baldur Borgþórsson og Kolbrún Baldursdóttir. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með fjarfundarbúnaði með vísan til 1. másl. 1. mgr. 54. gr. sbr. 4. másl. 1. mgr. 13. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar varðandi fjarfundaheimild: Valgerður Arnadóttir og áheyrnarfulltrúinn Daníel Örn Arnarsson. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Ólöf Örvarsdóttir, Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir, Björn Axelsson, Gunnar Hersveinn Sigursteinsson og Jóhanna Guðjónsdóttir. Eftirtalinn starfsmaður tók sæti með fjarfundarbúnaði: Inga Rún Sigurðardóttir. Fundarritari var Glóey Helgudóttir Finnsdóttir.

### Þetta gerðist:

#### (D) Ýmis mál

1. Skipulags- og samgönguráð og umhverfis- og heilbrigðisráð 2018-2022, fundadagatal 2022 Mál nr. SN130008

Lögð fram drög að fundadagatali skipulags- og samgönguráðs og umhverfis- og heilbrigðisráðs fyrir árið 2022.

Samþykkt.

#### (A) Skipulagsmál

2. Afgreiðslufundir skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, fundargerð Mál nr. SN010070

Lagðar fram fundargerð embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 18., 20. og 28. október 2021.

3. Hólmsheiði/Fjárborg/Almannadalur, (05.8) Mál nr. SN210665  
breyting á deiliskipulagi  
Hestamannafélagið Fákur, Brekknaás 5, 110 Reykjavík

Lögð fram umsókn Hestamannafélagsins Fáks dags. 22. september varðandi breytingu á deiliskipulagi Hesthúsabyggðar á Hólmsheiði. Í breytingunni felast annars vegar breytingar á framtíðaráætlunum á svæðinu og hins vegar samræming skipulagsins að núverandi stöðu. Um er að ræða breytingar í þrettán liðum, auk fimm lagfæringa á uppdrætti til samræmis við núverandi stöðu, samkvæmt uppdr. Landslags. dags. 16. október 2021.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.  
Vísað til borgarráðs.

4. Skipholt 1, breyting á lóðamörkum (01.241.2) Mál nr. SN210709

Lagt fram bréf Landupplýsingardeildar dags. 15. október 2021 þar sem óskað er eftir breytingu á lóðamörkum lóðarinnar nr. 1 við Skipholt sem felst í minnkun lóðar í samræmi við lóðauppdrátt og breytingablað umhverfis- og skipulagssviðs dags. 14. október 2021.

Samþykkt með vísan til a liðar 1. gr. viðauka 1.1 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, um fullnaðarafgreiðslur skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs.

5. Suðurlandsvegur, frá Bæjarhálsi að (05.8) Mál nr. SN210726  
Hólmsá, kynning

Lögð fram til kynningar frumdrög, dags. 22. mars 2021 og frummatsskýrsla um mat á umhverfisáhrifum, dags. 8. júlí 2021, varðandi breikkun Suðurlandsvegar frá Bæjarhálsi að Hólmsá. Staða vinnunnar kynnt og næstu skref rædd varðandi skipulagsferli og mat á umhverfisáhrifum.

Fulltrúar Viðreisnar, Samfylkingarinnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Við þökkum kynningu á frumdrögum vegna tvöföldunar Suðurlandsvegar frá Bæjarhálsi að Hólmsá. Mislæg gatnamót við Rauðavatn eru ekki á samgönguáætlun og ekki fyrirhuguð í fyrstu áföngum en allar þær hugmyndir þyrfti að rýna mjög vel enda myndu þau ganga inn á útivistarsvæði Rauðavatns. Við áréttum nauðsyn þess að leggja sérstakan hjólastíg milli Reykjavíkur og þéttbýlisstaða á Suðurlandi samhliða tvöföldun Suðurlandsvegar.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Skipulagsyfirvöld leggja fram kynningu um tvöföldun Suðurlandsvegar, frá Bæjarhálsi að Hólmsá. Aðalatriðið er að auka umferðaröryggi enda hafa þarna orðið alvarleg slys. Þar sem um er að ræða stórframkvæmdir eru eins og gengur margvísleg önnur sjónarmið t.d. sem tengjast umgengni við náttúru, bæði þeirri náttúrulegu og þeirri manngerðu. Til dæmis verður álitamál hvort bensínstöð eigi að víkja fyrir breikkun Suðurlandsvegar, eða elsta trjáplöntunarsvæðið í borginni. Hvort tveggja er mannanna verk, en standa nú í mismunandi stöðu með tilliti til lífríkis og sögu. Tvöföldun vegar er metin hafa neikvæð áhrif á landslag og sjónræna þætti. Tvöföldun vegarins er metin hafa jákvæð áhrif á vatnsvernd og vatnafar en hvernig má það vera? Hér blasir við skilningsleysi á því hvað náttúra er. En öryggisþættir hljóta vissulega ávallt að vega mest. Fram kemur að mislægu gatnamótin verði að svipaðri gerð og vegamótin á Arnarnesvegi og Reykjanesbraut. Sjónræn áhrif verða mikil vegna aukins umfang mannvirkja bæði í 2. áfanga verksins og í framtíðinni þegar vegamótin verða mislæg. Ef horft er til Arnarnesvegarins er að verða ljóst að hugtakið "íbúalýðræði" virkar ekki. Hávær mótmæli eru gegn þeirri framkvæmd en ekkert er hlustað.

Bryndís Friðriksdóttir og Erna B. Hreinsdóttir frá Vegagerðinni og Baldvin Einarsson, Hjálmar Skarphéðinsson og Ragnhildur Gunnarsdóttir frá Eflu taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

6. Fossvogsvegur 8, breyting á deiliskipulagi (01.849.2) Mál nr. SN210345  
Guðmundur Gunnlaugsson, Naustabryggja 54-56, 110 Reykjavík  
Nýbraut ehf, Borgartúni 31, 105 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Guðmundar Gunnlaugssonar dags. 6. maí 2021 ásamt bréfi dags. 5. maí 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Vigdísarlundar vegna lóðarinnar nr. 8 við Fossvogsveg. Í breytingunni felst að gerður er nýr byggingarreitur fyrir 15 bíla bílageymslu neðanjarðar ásamt rampa niður í hann, byggingarmagn eykst sem nemur bílakjallaranum og er það neðanjarðar. Heimild til að gera bílastæði framan við húsið er breytt úr 21 bílastæði í allt að 10 bílastæði, einnig er gerð heimastursturgata innan lóðar og fallið frá því að bakkað sé út í Fossvogsveg. Bílastæðaskilmálar eru endurskilgreindir til samræmis við "Hjóla og bílastæðareglur Reykjavíkurborgar og geta því að hámarki orðið 25 bílastæði á lóðinni, samkvæmt uppdr. Guðmundar Gunnlaugssonar arkitekts dags 30. júlí 2021. Tillagan var grenndarkynnt frá 20. september 2021 til og með 18. október 2021. Eftirtaldir sendu athugasemdir/umsögn: Veitur dags. 15. október 2021 og Jóhannes Albert Sævarsson dags. 18. október 2021. Lagður er fram tölvupóstur Guðjóns Þorkelssonar dags. 17. október 2021 þar sem ekki er gerð athugasemd

við tillöguna. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 28. október 2021.

Samþykkt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 28. október 2021 sbr. a liður 1. gr. viðauka 1.1. við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, um fullnaðarafgreiðslur skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs.

Lilja Grétarsdóttir verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

7. Lautarvegur 36, breyting á deiliskipulagi (01.794.6) Mál nr. SN210551

Lagt fram bréf Landupplýsingardeildar dags. 21. júlí 2021 um breytingu á deiliskipulagi neðan Sléttuvegar stgr 1.179 vegna lóðarinnar nr. 36 við Lautarveg. Í breytingunni felst breyting á lóðamörkum, samkvæmt uppdr. Yrki arkitekta ehf. dags. 8. október 2021. Einnig er lagt fram breytingablað og lóðauppdrautt dags. 21. júlí 2021.

Samþykkt að falla frá kynningu þar sem breyting á deiliskipulagi varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda með vísan til 2. ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Samþykkt með vísan til a liðar 1. gr. viðauka 1.1 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, um fullnaðarafgreiðslur skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs.

8. Úlfarsbraut 100-104 og 106-110, (02.698.5) Mál nr. SN210716  
breyting á deiliskipulagi

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Úlfarsárdals vegna lóðanna nr. 100-104 og 106-110 við Úlfarsbraut. Í breytingunni felst leiðrétting á húsnúmerum í deiliskipulagi ásamt því að gefin er heimild fyrir að einstakir byggingarhlutar megi skaga um allt að 60 cm út fyrir byggingarreit svala á suðurhlíð húsanna, samkvæmt tillögu umhverfis- og skipulagssviðs dags. 13. október 2021.

Samþykkt að falla frá kynningu þar sem breyting á deiliskipulagi varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda með vísan til 2. ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Samþykkt með vísan til a liðar 1. gr. viðauka 1.1 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, um fullnaðarafgreiðslur skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs.

### **(B) Byggingarmál**

9. Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa, Mál nr. BN045423  
fundargerð

Lagðar fram fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 1135 frá 12. október 2021, nr. 1136 frá 19. október 2021 og nr. 1137 frá 26. október 2021.

10. Nafnanefnd, tillaga að nýjum Mál nr. US210260  
götunöfnum, Skerjafjörður, Ártúnshöfði,  
Orkureitur og annað

Lagt er fram erindi nafnanefndar, dags. 19. ágúst 2021, þar sem gerð er tillaga að nöfnum gatna í Skerjafirði, Ártúnshöfða, Orkureit og annað.

Samþykkt.

Nikulás Úlfar Másson byggingarfulltrúi tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

### **(D) Ýmis mál**

11. Réttarholtsvegur 21-25, kæra 156/2021 (01.832.3) Mál nr. SN210714

701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Borgartúni 21, 105 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 14. október 2021 ásamt kæru dags. 13. október 2021 þar sem kærð er ákvörðun byggingarfulltrúa Reykjavíkur frá 13. júlí 2021, þar sem samþykkt var leyfi fyrir færanlegri kennslustofu K132 - J, á lóð nr. 21-25 við Réttarholtsveg.

12. Borgartún 8-16A, kæra 154/2021, umsögn (01.220.1) Mál nr. SN210718  
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Borgartúni 21, 105 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 13. október 2021 ásamt kæru dags. 11. október 2021 þar sem kærð er ákvörðun byggingarfulltrúa í Reykjavík frá 14. september 2021 um að samþykkja umsókn og teikningar af breytingum á lóðinni Borgartún 8-16A upp við Bríetartún 11 tengdum leikskóla í eignarhluta 05 0105 að Bríetartúni 11. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 21. október 2021.

13. Furugerði 23, kæra 48/2021, umsögn, (01.807.4) Mál nr. SN210374  
úrskurður  
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Borgartúni 21, 105 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 19. apríl 2021 ásamt kæru dags. 16. apríl 2021 þar sem kærð er ákvörðun borgarstjórnar Reykjavíkur frá 2. febrúar 2021 um að samþykkja breytingu á deiliskipulagi fyrir Furugerði 23. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 1. júní 2021. Jafnframt er lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 15. október 2021. Úrskurðarorð: Hafnað er kröfu kæranda um að felld verði úr gildi ákvörðun borgarstjórnar Reykjavíkur frá 2. febrúar 2021 um að samþykkja breytingu á deiliskipulagi Espigerðis vegna lóðarinnar nr. 23 við Furugerði.

14. Stekkjarsel 7, kæra 66/2021, umsögn, (04.924.1) Mál nr. SN210401  
úrskurður  
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Borgartúni 21, 105 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 26. maí 2021 ásamt kæru dags. 25. maí 2021 þar sem kærð er synjun byggingarfulltrúa Reykjavíkur frá 2. mars 2021 á umsókn um áður gerðar breytingar sem felast í því að óútgröfna rými er breytt í íbúðarrými og geymslu í kjallara og gluggi stækkaður á norðurhlið einbýlishússins á lóð nr. 7 við Stekkjarsel. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 26. júní 2021. Jafnframt er lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 15. október 2021. Úrskurðarorð: Hafnað er kröfu kæranda um ógildingu ákvörðunar byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 2. mars 2021 um að synja umsókn um byggingarleyfi fyrir breytingum á einbýlishúsi að Stekkjarseli 7.

15. Lindargata 42, 44, 46 og Vatnsstígur 10- (01.152.5) Mál nr. SN210410  
12, breyting á deiliskipulag  
Sigurður Hallgrímsson, Stórakur 7, 210 Garðabær  
Félagsstofnun stúdenta, Háskólatorgi Sæmundar, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 8. október 2021 vegna samþykktar borgarráðs frá 7. október 2021 á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi reits 1.152.5 vegna lóðanna nr. 42, 44 og 46 við Lindargötu og nr. 10 og 12 við Vatnsstíg.

16. Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Mál nr. US210203  
Laugardals, Háaleitis og Bústaða,  
um bætt hjólastólaaðgengi í grunnskólum  
og félagsmiðstöðvum - R21060147,  
USK2021060084

Lagt fram bréf borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna, dags. 16. júní 2021, þar sem lagt er til að borgarstjórn feli aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks að yfirfara aðgengi fyrir hjólastóla í grunnskólum og félagsmiðstöðvum fyrir árslok 2021 og gera tillögur að úrbótum til umhverfis- og skipulagssviðs sem skal ljúka úrbótum fyrir árslok 2022. Tillagan var lögð fram á fundi borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna þann 11. júní 2021 og vísað til umsagnar skipulags- og samgönguráðs.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins styður tillögu ungmennaráðsins um að bæta aðgengi fatlaðra í skólum og félagsmiðstöðvum. Fyrsta skrefið er að yfirfara aðgengi fyrir hjólastóla og skoða hvernig það er háttað í dag. Tillagan boðar að þetta verði gert fyrir árslok 2021. Sennilega má ætla að það náist tæplega en mikilvægt er að hefja verkið sem allra fyrst. Borgarfulltrúi Flokks fólksins lagði til 2. des. 2020 að ráðist verði í úttekt á aðgengismálum í Reykjavík af hálfu umhverfis- og skipulagssviðs hvað varðar hjólastólaaðgengi og göngugrindur enda á ábyrgð stjórnvalda að tryggja að allir hafi jafnt aðgengi. Þetta er kveðið á um í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Lög um mannvirki leggja þá skyldu á sveitarfélög að hafa eftirlit með aðgengismálum. Ítrekað hefur verið bent á það að reglur um aðgengi séu ekki virtar. Einkaframtak eins og verkefni “römpum upp Reykjavík” hefur bjargað miklu en auðvitað eiga borgaryfirvöld ekki að treysta á frumkvæði annarra í þessum efnum heldur á borgin að eiga frumkvæðið og vinna verkið í samvinnu við þá sem málin varða eins og lög og reglur gera ráð fyrir

17. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram Mál nr. US210299  
svohljóðandi tillögu, um leikvöll í  
Árskógum í Breiðholti

Lagt er til að fundinn verði staður fyrir leikvöll í nágrenni við íbúðir í Árskógum í Breiðholti.

Tillögunni fylgir greinargerð.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, deildarstjóra hverfisSKIPULAGS.

18. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram Mál nr. US210300  
svohljóðandi tillögu, um úttekt á  
leikskólum

Lagt er til að úttekt verði gerð á aðstöðu á leikskólum fyrir þá sem koma þangað hjólandi, gangandi eða með öðrum umhverfisvænum faramátum, til vinnu eða með börn sem eru nemendur í skólunum. Úttektin snúi að því hvort aðstaða sé til að geyma við leikskólana kerrur sem hengdar eru aftan á hjól, barnakerrur, reiðhjól eða önnur umhverfisvæn farartæki. Ef slíkar geymslur eru til staðar við einhverja leikskóla verði jafnframt kannað hvort þær séu upphitaðar.

Vísað til meðferðar stýrihóps um innleiðingu hjólreiðaáætlunar.

19. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram Mál nr. US210272  
svohljóðandi tillögu, um að byggð  
verði önnur sundlaug í Breiðholti

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að byggð verði önnur sundlaug í Breiðholti sem dæmi í Seljahverfi eða við íþróttasvæði ÍR? Nýtt hverfisSKIPULAG fyrir öll hverfi Breiðholts hefur verið í umræðunni í vetur og hefur verið kynnt Breiðhyltingum. Í Breiðholti er ein sundlaug,

Sundlaug Breiðholts. Í hverfinu öllu búa 22 - 24 þúsund manns. Það segir sig sjálft að ein sundlaug dugar varla til að annast þjónustu við hverfisbúa. Áætlað er að byggja mikið í Breiðholti næstu misserin sbr. nýtt hverfisSKIPULAG. Um er að ræða allt að 2000 íbúðir þegar allt er tiltekið þar af nýjar íbúðir í Mjódd gætu orðið ca. 600 og aukaíbúðir í sérbylí mögulega ca. 500-700. Sjá má hvernig nýtingatölur í Sundlaug Breiðholts hafa hækkað jafnt og þétt frá 2009. World Class opnaði líkamsræktarstöð við hlið laugarinnar 2017 og fjölgað gestum laugarinnar þá umtalsvert. Árið 2009 var aðsókn 204.047 en árið 2019 432.219. Til samanburðar eru 3 sundlaugar í Hafnarfirði en þar búa ca. um 28 þúsund manns.

Tillögunni fylgir greinargerð.

Tillagan er felld með fjórum greiddum atkvæðum fulltrúa Viðreisnar, Samfylkingarinnar og Pírata. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Tillögu fulltrúa Flokks fólksins um að byggð verði önnur sundlaug í Breiðholti sem staðsett yrði t.d. í Suður Mjódd hefur verið felld með þeim rökum að nóg sé af góðum sundlaugum í borginni og að verið sé að byggja nýja sundlaug í Úlfarsárdal, Fossvogi og í Ártúnshöfða. Breiðholtið er risastórt hverfi og í því er aðeins ein sundlaug, Sundlaug Breiðholts. Í hverfinu öllu búa 22 - 24 þúsund manns. Það segir sig sjálft að ein sundlaug dugar varla til að annast þjónustu við hverfisbúa. Áætlað er að byggja mikið í Breiðholti næstu misserin sbr. nýtt hverfisSKIPULAG. Um er að ræða allt að 2000 íbúðir þegar allt er tiltekið þar af nýjar íbúðir í Mjódd sem gætu orðið ca. 600 og aukaíbúðir í sérbylí mögulega ca. 500-700. Nýtingartölur í Sundlaug Breiðholts hafa hækkað jafnt og þétt frá 2009. World Class opnaði líkamsræktarstöð við hlið laugarinnar 2017 og fjölgað gestum laugarinnar þá umtalsvert. Árið 2009 var aðsókn 204.047 en árið 2019 432.219. Til samanburðar eru 3 sundlaugar í Hafnarfirði en þar búa um 28 þúsund manns. Nú er staðan þannig að erfitt ef ekki ógerlegt er að fara í sund milli 8-16. Það er því brýnt að skoða að byggja aðra sundlaug í hverfinu.

Fulltrúar Viðreisnar, Samfylkingarinnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Reykjavík hefur metnaðarfulla stefnu varðandi uppbyggingu sundlauga í borginni. Verið að taka í notkun nýja sundlaug í Úlfarsárdal. Undirbúningur er hafinn að Fossvogslaug. Áætlanir gera jafnframt gert ráð fyrir nýrri sundlaug í Ártúnshöfða. Síðastnefnd verkefni eru ofar í forgangi en sú sundlaug sem nefnd er í tillögunni og er tillagan því felld.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Rétt er að skoða skipulagsmál í Breiðholti heildstætt og skoða möguleika um sundlaugar og íþróttamannvirki til lengri tíma. Þá er rétt að minna á að borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins hafa talað fyrir því að opna sundlaugina við Ölduselsskóla fyrir almenning.

20. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi tillögu, um ljósastýringu í bílakjallara Ráðhússins Mál nr. US210285

Tillaga Flokks fólksins að ljósabúnaður við innkeyrslu bílakjallara Ráðhússins verður lagaður hið fyrsta. Í mörg ár hefur verið ljósabúnaður við innkeyrslu bílakjallara Ráðhússins, þar sem umferð upp og niður var stýrt með rauðu og grænu ljósi, þar sem innkeyrslan er einbreið. Til viðbótar var ljós fyrir ofan með textanum "Fullt" sem gaf til kynna að engin stæði væru laus og þá var rauða ljósið jafnframt logandi þótt enginn bíll væri að koma á móti. Nú hefur þetta verið tekið niður og einungis rautt og grænt

Ljós gefur til kynna hvort umferð sé að koma upp innkeyrsluna. Þetta er ekki lengur tengt teljara aðgangskerfisins. Afleiðingin er sú, að bílum er hleypt niður innkeyrsluna, en lokunarsláin opnast ekki ef stæðin eru öll upptekin. Það gerist einnig þótt einhver stæði séu laus, frátekin fyrir þá sem eru með sérstök kort frá Ráðhúsinu. Ófremdarástand hefur skapast við þessa breytingu þegar röð af 3-4 bílum eru á leið ofan í kjallarann en sláin lyftist þar sem kjallarinn er fullur. Allir meta það svo að græna ljósið þýði laus pláss og vandræði myndast þegar allir bílar þurfa að bakka aftur upp innkeyrsluna. Þessu þarf að breyta og setja aftur upp skiltið "Fullt" ásamt rauða ljósinu sem áður var, þannig að ekki sé ekið niður í bílakjallarann við þessar aðstæður.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, Bílastæðasjóðs.

21. Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn, um verktryggingar Mál nr. US210297

1. Er Reykjavíkurborg eða umhverfis- og skipulagssvið að taka verktryggingar?
2. Ef svo er - á hvaða lagagrunni er slík verktrygging byggð?
3. Ef svo er - hvað er verktryggingin há?

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds.

22. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn, um líffræðilegan fjölbreytileika og skilgreiningu á honum Mál nr. US210273

Fyrirspurn frá Fulltrúa Flokks fólksins um líffræðilegan fjölbreytileika og skilgreiningu á honum. Víða í gögnum um skipulagsmál borgarinnar ekki síst frá verkfræðistofum sem vinna ýmis konar vinnu fyrir borgaryfirvöld er talað um að viðhalda líffræðilegum fjölbreytileika. Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir að fá skilgreiningu á líffræðilegum fjölbreytileika.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu umhverfisgæða.

- Kl. 10:26 vikur Eyþór Laxdal Arnalds af fundi.
- Kl. 10:26 tekur Örn Þórðarson sæti á fundinum.

23. Grásleppuskúrar við Ægissíðu, kynning Mál nr. US210284

Kynning á grásleppuskúrunum við Ægissíðu frá forstöðumanni Borgarsögusafns að beiðni Sjálfstæðisflokksins.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Grásleppuskúrar eru menningarminjar og mikilvægt að halda í þá arfleifð. En miðað við hvernig þeir voru gerðir er ekki hætt á að endurgerðin verði sögufölsun að einhverju leyti? Kassafjalir og alls kyns þeirra tíma byggingarafgangar liggja ekki á lausu. En þetta er framtíðarverkefni og vissulega er gaman að sjá þessar minjar lifa áfram.

Guðbrandur Benediktsson, safnstjóri Borgarsögusafns Reykjavíkur, tekur sæti á fundinum með fjarfundarbúnaði.

24. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn, um álit umboðsmanns Alþingis um að hreyfihamlaðir megi leggja í almenn stæði á göngugötum Mál nr. US210310

Fyrirspurn Flokks fólksins um viðbrögð skipulags- og samgönguráðs við álitum umboðsmanns Alþingis um að hreyfihamlaðir megi leggja í almenn stæði á göngugötum. Hefur Reykjavík beint fyrir mælum til Búlastæðasjóðs um að breyta verklagsreglum í kjölfar álits Umboðsmanns Alþingis um að ekki væri heimilt að sekta vegna bifreiða sem lagðar eru í merkt stæði á göngugötum ef um er að ræða handhafa stæðiskorts fyrir hreyfihamlaða? Stendur til að bregðast við álitum Umboðsmanns með því að hætta að sekta fyrir slík tilvik eða verður brugðist við álitinu á annan hátt?

Tillögunni fylgir greinargerð.  
Frestað.

25. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn, um lóðir á Kjalarnesi Mál nr. US210311

Fyrirspurnir um lóðir á Kjalarnesi? Fulltrúi Flokks fólksins spyr um lóðir á Kjalarnesi. Fulltrúa Flokks fólksins skilst að það hafi verið óskað eftir byggingarleyfum fyrir íbúðasvæði á Kjalarnesi en ekki verið leyft. Einhverjar lóðir eru þar lausar en ekki fengist leyfi. Óskað er eftir upplýsingum um hve mörgum umsóknum hefur verið hafnað um byggingu einbýlis og raðhúsa á Kjalarnesi síðustu misseri. Hafa skal í huga að það vilja ekki allir búa í blokk á þéttingarsvæðum auk þess sem blokkaríbúðir á þéttingarreitum, jafnvel þær minnstu eru dýrar og ekki fyrir námsmenn, fyrstu kaupendur hvað þá efnaminna fólk að fjárfesta í.

Frestað.

26. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn, um skipulagsstafi við Vonarstræti og Lækjargötu Mál nr. US210312

Fulltrúi Flokks fólksins spyr hverju það sæti að fæst að því sem lagt var upp með á þessu tímabili stenst tímaáætlun. Óskað er eftir að rýnt verði í hvað veldur og fulltrúi Flokks fólksins fái skrifleg svör. Nýlega bárust fregnir að því að Reykjavíkurborg hafi framlengt leyfi til að þrængja að umferð við Lækjargötu og Vonarstræti vegna framkvæmda við byggingu hótels við Lækjargötu 12 fram til 30. apríl 2022. Vestari akrein Lækjargötu var lokað í mars 2019 vegna framkvæmdanna. Þess vegna verða umferð/umferðarþrængingar þarna óbreyttar. Þær aðstæður sem þarna eru skapa slyshættu bæði fyrir gangandi, hjólandi og akandi. Spurt er hvort ekki megi hagræða á þessu svæði með öðrum hætti þrátt fyrir framkvæmdirnar? Sem dæmi mætti minnka vinnusvæðið til muna. Það hótél sem þarna rís opnar tveimur árum síðar en áætlað var. Kórónuveirufaraldur er sagður ein af ástæðum tafa þrátt fyrir að meirihlutinn lagði mikla áherslu á að hraða skyldi framkvæmdum sem aldrei fyrr til að tryggja atvinnu í COVID.

Frestað.

27. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi tillögu, um að einfalda umsóknarferli rekstrarleyfis Mál nr. US210313

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að sá sem sækir um leyfi til rekstrar af hvers lags tagi í Reykjavík þurfi aðeins að setja sig í samband við einn aðila í borgarkerfinu, einn tengilið í stað þess að þurfa að tala við marga. Eins og staðan er núna þá er þetta umsóknarferli óþarflega flókið. Fram kemur á vefnum að umsagnarferlið getur tekið allt að 45 daga. Á þessu er allir gangur eftir því sem fulltrúi Flokks fólksins hefur heyrt og er heildarumsóknarferli iðulega mikið lengra. Enda þótt ferlið virki einfalt í

einhverjum fimm skrefum á vef borgarinnar hafa fjölmargir lýst þessu ferli sem göngu milli Pontíusar og Pílatúsar. Í þessari tillögu er lagt til einn aðili, svokallaður tengiliður annist þessi mál þannig að hann haldi utan um gögnin. Með því að hafa samband við tengiliðinn er hægt að fá uppgefið strax hvar hvert og eitt gagn er statt. Tengiliðurinn safni síðan gangapakkanum saman og geri hann kláran fyrir umsækjanda. Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að þetta sé gert með þessum hætti þar til stafrænar lausnir eru komnar sem leysi tengiliðinn af hólmi. Slíkar stafrænar lausnir ættu að geta komið fljótt ef leitað er samstarfs við t.d. Stafræna Ísland eða aðra sem komnir eru lengra í stafrænum lausnum.

Frestað.

28. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi tillögu, um kvöð um tímaramma þegar byggingaleyfi er veitt Mál nr. US210314

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að veiti skipulagsyfirvöld byggingarleyfi fylgi því leyfi tímamörk sem viðkomandi hefur til að fullklára bygginguna. Utgefið leyfi þarf að leiða til þess að bygging rísi á viðkomandi lóð innan ákveðins tíma. Um tímann má semja enda ýmislegt sem kemur til. Fram til þessa eru sum útgefin leyfi aðeins pappír um eitthvað sem kannski verður gert. Í einhverjum tilfellum eru engar sérstakar ástæður fyrir töfum nema kannski að það standi illa á hjá lóðarhafa, hann vilji jafnvel bíða og sjá hvert íbúðaverð er að þróast. Meirihlutinn segir nú vera metár í uppbyggingu íbúðarhúsnæðis en það sárvantar enn húsnæði sem hefur leitt til þess að fasteignamarkaðurinn er ekki í jafnvægi. Skortur á lóðaframboði kemur í veg fyrir hagkvæma húsnæðisuppbyggingu og hagkvæmt húsnæði verður ekki byggt á þéttingarreitum. Fulltrúi Flokks fólksins hefur nokkrum sinnum lagt fram fyrirspurnir um byggingarferli og tillögur um að einfalda ferlið en kvartað er yfir töfum og að flækjustig séu óþarflega mörg. Byggingarferli á nýjum íbúðum er tímafrekt við bestu aðstæður og enn tímafrekari þegar byggt er á þéttingarreitum. Verði Flokkur fólksins í næsta meirihluta borgarstjórnar mun hann vilja tryggja stöðugt framboð á lóðum og auka lóðaframboð á reitum sem ekki eru þegar byggðir.

Tillögunni fylgir greinargerð.

Frestað.

29. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn, um gatnaframkvæmdir í Gufunesi Mál nr. US210316

Óskað er eftir upplýsingum um allar breytingar sem hafa verið gerðar vegna gatnaframkvæmda í Gufunesi frá árinu 2019 og upplýsingar um kostnað við gatnaframkvæmdir frá árinu 2019. Ennfremur upplýsingar um kostnað vegna hönnunar og eftirlits í Gufunesi frá árinu 2019 vegna framkvæmda og gatnagerðar.

Frestað.

30. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi tillögu, um borð og bekki fyrir einstaklinga er nýta hjólastóla Mál nr. US210317

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks leggja til að bekkir og borð sem henta einstaklingur er nýta hjólastóla verði settir upp á völdum stöðum í borgarlandinu (sjá myndir). Lagt er til að leitað verði til Sjálfsbjargar varðandi val og staðsetningu á þessum bekkjum og borðum.

Frestað.

31. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn, um bílastæði við Brávallagötu

Mál nr. US210318

Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir rökum skipulagsyfirvalda um að taka 12 bílastæði við Brávallagötu undir rafbílastæði án samráðs við íbúa. Bílastæði við götuna eru of fá og ekki vitað hvort nokkur sem þarna býr sé á rafbíl. Fulltrúi Flokks fólksins hefur talað um að flýta skuli orkuskiptum og þá ekki síst með því að liðka fyrir rafbílum m.a. með ívilnunum og á það einnig við um twin-bíla. Metanbílar eru ekki margir í Reykjavík og hefur borgin frekar vilja brenna metan á báli á söfnunarstað en nýta það. Rafbílar eru því miður enn of dýrir og hafa þeir sem minna hafa milli handanna ekki ráð á þeim. Nú hefur frést að án samtals við íbúa að bílastæði við Brávallagötu séu tekin undir rafbílastæði. Sumum finnst að þessi aðgerð sé eins konar þvingunarleið skipulagsyfirvalda til að fólk fari á rafbíl. En það er varla hægt að þvinga fólk til að gera eitthvað sem það hefur ekki efni á.

Frestað.

**Fleira gerðist ekki.  
Fundi slitið kl. 11:04**

**Fundargerðin lesin yfir og undirrituð**

Pawel Bartoszek

Valgerður Árnadóttir  
Aron Leví Beck  
Þórdís Pálsdóttir

Hjálmar Sveinsson  
Örn Þórðarson  
Ólafur Kr. Guðmundsson

**Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur  
byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp  
borgarstjórnar**

Árið 2021, þriðjudaginn 12. október kl. 10:15 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1135. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Vífill Björnsson, Nikulás Úlfar Músson, Jón Hafberg Björnsson, Edda Þórsdóttir, Olga Hrund Sverrisdóttir og Björgvin Rafn Sigurðarson. Fundarritari var Björgvin Rafn Sigurðarson.

**Þetta gerðist:**

**Nýjar/br. fasteignir**

1. Arnarhlíð 8 (16.297.02) 220840 Mál nr. BN059936

541201-4830 Dalhús ehf., Ögurhvarf 6, 203 Kópavogur  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN054709 þannig að fyrirkomulag í bílakjallara breytist vegna breytinga á burðarþolshönnun, sömuleiðis eru breytingar á innveggjum, gluggum og hurðum, sérnotafletir og fyrirkomulag á þaksvölum breytist og skyggni yfir útidryrum og svölum eru framlengd og bætt við á stöku stað á íbúðar- og atvinnuhúsi á lóð nr. 8 við Arnarhlíð.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga og brunahönnun frá Örug, dags. 15. september 2021.  
Breyttar stærðir:  
Gjald kr. 12.100  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
2. Auðarstræti 9 (12.471.04) 103336 Mál nr. BN060009

Hallgrímur G Magnússon, Lundur 1, 200 Kópavogur  
Sótt er um leyfi til að opna á milli stofu og eldhúss í ósamþykktri íbúð, 0001, í húsi á lóð nr. 9 við Auðarstræti.  
Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 3. september 2021 og tölvupóstar frá meðeigendum húss, dags. 23. september 2021 og 1. október 2021.  
Gjald kr. 12.100  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
3. Bergþórugata 10 (11.920.14) 102520 Mál nr. BN059905

410617-0560 Arnrunn íbúðafélag hses., Pósthólf 1486, 121 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN055749 þannig að svalagólf íbúða verða steipt og stígleiðslu með inntaki á norðurhlíð er komið fyrir í stigahúsi í fjölbýlishúsi á lóð nr. 10-12 við Bergþórugötu.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga á A3 afriti af óstimpluðum aðaltekningum.  
Gjald kr. 12.100  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.
4. Bergþórugata 18 (11.920.20) 102526 Mál nr. BN058971

430304-3640 Landslagnir ehf., Hyrjarhöfða 2, 110 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja tveggja hæða fjölbýlishús með þremur íbúðum úr forsteyptum samlokueiningum á lóð nr. 18 við Bergþórugötu.  
Erindi fylgir brunahönnun frá Örug, verkfræðistofa dags. 8. mars 2021.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 26. mars 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 26. mars 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 29. mars 2021.  
Stærð, A-rými: 240,2 ferm., 731,7 rúmm.

Stærð B-rými: 7,1 ferm.

Samtals: 247,3 ferm.

Gjald kr. 12.100

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað. Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

5. Bitruháls 1 (43.030.01) 111018 Mál nr. BN059453
- 540405-0340 Mjólkursamsalan ehf., Bitruhálsi 1, 110 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til þess að flytja matsal og koma fyrir skrifstofum á 2. hæð í iðnaðar- og skrifstofuhúsi, mhl.01, á lóð nr. 1 við Bitruháls.  
Erindi fylgir bréf Auðhumlu svf. ódagsett.  
Gjald kr. 12.100  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
6. Borgartún 21 - 21A (12.180.01) 102771 Mál nr. BN060015
- 590902-3730 Eik fasteignafélag hf., Sóltúni 26, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og koma fyrir stiga milli 1. og 2. hæðar í vesturhluta mhl.06 í húsi á lóð nr. 21 við Borgartún.  
Minnkun vegna stigaops er: 12,6 ferm.  
Gjald kr. 12.100  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
7. Bústaðavegur 7 (17.375.01) 107409 Mál nr. BN059956
- 630908-0350 Veðurstofa Íslands, Bústaðavegi 9, 103 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að koma fyrir einum kælirafti og varaafstöð með tilheyrandi færslu á hljóðgirðingu austan við hús á lóð nr. 7 við Bústaðaveg.  
Stækkun er: 32,0 ferm., xx,x rúmm.  
Einnig er lagður fram tölvupóstur Veðurstofu Íslands dags. 7. október 2021 vegna samþykkis eigenda að Bústaðarvegi 7A og Bústaðarvegi 9.  
Erindi fylgir afrit útskriftar úr gerðabók skipulagsfulltrúa dags. 8. febrúar 2021 og afrit af umsögn fyrirspurnar til skipulagsfulltrúa dags. 5. febrúar 2021.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar byggingarfulltrúa frá 8. október 2021 fylgir erindi, ásamt bréfi skipulagsfulltrúa dags. 11. október 2021.  
Samþykkt var að falla frá grenndarkynningu.  
Gjald kr.12.100  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
8. Dragháls 6-12 (43.045.03) 111025 Mál nr. BN060031
- 530117-0570 Reitir - iðnaður ehf., Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að koma fyrir vélbúnaði til vöruþróunar, stafsmannaaðstöðu og nýrri flóttahurð á norðurhlíð húss á lóðinni Dragháls 6-12/Fossháls 5-11.  
Gjald kr. 12.100  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.

9. Efstasund 67 (14.101.12) 104995 Mál nr. BN058832
- Ragnar Björnsson, Efstasund 67, 104 Reykjavík  
Sylvía Svavarsdóttir, Efstasund 67, 104 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að hækka og endurinnrétta rishæð, skipta lóð í tvo sérafnotafleti, framlóð tilheyri eign 0101 og baklóð eign 0001 og eru bílstæði aðskilin frá hverju öðru og er bílastæði 0001 flutt í suð-austur horn lóðar auk þess sem gerð er grein fyrir áður gerðum skúr í norðvestur horni lóðar nr. 67 við Efstasund.  
Erindi fylgir samþykki meðeigenda dags. 4. febrúar 2021, samþykki eigenda Efstasunds nr. 65, 68, 69 og Skipasunds nr. 60, dags. 4. febrúar 2021.  
Einnig fylgir útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 12. mars 2021, umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. mars 2021, bréf skipulagsfulltrúa dags. 15. mars 2021, útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 9. apríl 2021, umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. apríl 2021 og bréf skipulagsfulltrúa dags. 12. apríl 2021.  
Stækkun mhl. 01 er : 57,9 ferm., 133,6 rúmm.  
Áður gerður skúr: 24,4 ferm., 64,8 rúmm.  
Gjald kr. 12.100  
Frestað.  
Vísað til athugasemda eldvarnareftirlits.
10. Eggertsgata 35 (16.361.01) 106678 Mál nr. BN059952
- 530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til þess að byggja fjögurra deilda leikskóla fyrir 70 börn, mhl.03, á lóð nr. 35 við Eggertsgötu.  
Stærðir mhl.03: 630.0 ferm., 2.047.5 rúmm.  
Erindi fylgir skýrsla um brunahönnun unnin af Örugger verkfræðistofu, dags. 9. september 2021 og lóðablað 1.636.1 dags. 7. júní 2021.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 8. október 2021 fylgir erindi, ásamt bréfi skipulagsfulltrúa dags. 11. október 2021.  
Gjald kr. 12.100  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
11. Frakkastígur 9 (11.730.29) 101516 Mál nr. BN059606
- 581200-2770 STS ISLAND ehf., Laugavegi 51, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu á austurhlið, stækka veitingastað í flokki II, teg.C, og auka gestafjölda úr 15 í 55 í húsi á lóð nr. 9 við Frakkastíg.  
Erindi fylgir hljóðvistargreinargerð frá Myrra hönnunarstofa dags. 17. apríl 2021 og umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 3. júlí 2021 og dags. 19. júlí 2021.  
Stækkun: 82 ferm., 195 rúmm.  
Eftir stækkun: 220 ferm., 590,2 rúmm.  
Gjald kr. 12.100  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.  
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Askilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
12. Friggjarbrunnur 31-33 (26.935.09) 205809 Mál nr. BN059740
- Friðrik Atli Guðmundsson, Tröllaborgir 18, 112 Reykjavík  
Halldóra Sólbjartsdóttir, Tröllaborgir 18, 112 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til þess að byggja parhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílgeymslum á lóð nr. 31-33 við Friggjarbrunn.  
Jafnframt er erindi BN059068 dregið tilbaka.  
Stærð: 340.4 ferm., 1.110.9 rúmm.

Nýtingarhlutfall: 0.75.

Erindi fylgir lóðauppdráttur 2.693.5 dags. 28.02.2020, og hæðablað 2.693.5 útg. B-3 dags. febrúar 2011, samþykki lóðarhafa Friggjarbrunnar 23-41 dags. 14. september 2021 og samþykki húss nr. 29 dags. 14. september 2021 og bréf hönnuðar dags. 30. september 2021.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 10. september 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. september 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 13. september 2021.

Gjald kr. 12.100

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

13. Gefjunarbrunnur 10 (26.954.04) 206030 Mál nr. BN059967

Emil Tumi Víglundsson, Leirvogstunga 10, 270 Mosfellsbær

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN058745 og stækka hús til norðausturs á lóð nr. 10 við Gefjunarbrunn.

Stækkun er: 13,3 ferm., 30,2 rúmm.

Erindi fylgir afrit umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 10. september 2021.

Gjald kr.12.100

Frestað.

Vísað til athugasemda.

14. Gerðuberg 1 (46.743.01) 112211 Mál nr. BN060022

570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til þess að setja lóðréttu gluggapósta og opnanleg fög í tvo glugga á austurhlíð og þrjá á norðurhlíð fyrstu hæðar í verslunar-skrifstofu og þjónustuhúsi á lóð nr. 1 við Gerðuberg.

Erindi fylgir til skýringar afrit af aðaltekningum stimpluðum dags. 26. október 1999.

Gjald kr.12.100

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

15. Grensásvegur 1 (14.600.01) 105655 Mál nr. BN060034

670614-1310 Fasteignafélagið G1 ehf., Hlíðasmára 17, 201 Kópavogur

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN058350 þannig að misræmi í skráningu er lagfært í mhl. 05 vegna gerðar eignaskiptasamnings á lóð nr. 1 við Grensásveg.

Gjald kr. 12.100

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

16. Grensásvegur 16 (12.954.03) 103850 Mál nr. BN059908

420721-0990 HiepTrang ehf., Maríubakka 12, 109 Reykjavík

Sótt er um leyfi til þess að innrétta snyrtistofu í fyrstu hæð í verslunar- og skrifstofuhúsi á lóð nr. 16 við Grensásveg.

Erindi fylgir skýringarteikning SK1 dags 23. september 2021, afrit af aðaltekningu stimpluð 26. febrúar 1987.

Gjald kr. 12.100

Frestað.

Vísað til athugasemda.

17. Haðaland 26 (18.634.01) 108801 Mál nr.  
BN059916  
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að fjarlægja eldri einangrun í 1. og 2. áfanga, klæða og einangra með loftræstri áklæðningu og stækka tengigang á milli 1. og 2. áfanga við aðalandyri Fossvogskóla, á lóð nr. 26 við Haðaland.  
Stækkun er: 33,2 ferm., 99,6 rúmm.  
Gjald kr.12.100  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
18. Hringbraut 50 (11.624.01) 101314 Mál nr.  
BN060000  
580169-1209 Grund, Hringbraut 50, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi fyrir breytingum á innra skipulagi mhl 06, 05 og 04 á lóð nr. 50 við Hringbraut.  
Gjald kr. 12.100  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
19. Hrístateigur 15 (13.601.10) 104512 Mál nr.  
BN059941  
Þórir Jósef Einarsson, Hrístateigur 15, 105 Reykjavík  
Unnur Ragnarsdóttir, Hrístateigur 15, 105 Reykjavík  
551294-2349 Þórir J. Einarsson ehf., Hrístateigi 15, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til þess að stækka stofur allra íbúða til suðurs, lengja svalir á 1. og 2. hæð að nýbyggingu, einangra að utan og klæða með bárujárni íbúðarhús nr. 15 við Hrístateig.  
Stækkun: 40.3 ferm., 158.1 rúmm.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðaluppdrætti samþykktum 6. desember 2005.  
Gjald kr. 12.100  
Frestað.  
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
20. Hörpugata 12 (16.357.05) 106696 Mál nr.  
BN060028  
191265-4409 Sesselja Bjarnadóttir, Hörpugata 12, 102 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN054446, þannig að vinnustofa verður í eigu íbúðar 0201 í mhl. 01 á lóð nr. 12 við Hörpugötu.  
Gjald kr. 12.100  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi. Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verður þinglýst eigi síðar en við fókheldi.
21. Iðunnarbrunnur 6 (26.937.02) 206078 Mál nr.  
BN059108  
630806-1510 Byggingafélagið Landsbyggð ehf, Vatnsendabletti 721, 203 Kópavogur  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN037193, þannig að innra skipulagi er breytt og innréttáðar eru tvær íbúðir, nýr inngangur settur á norðurhlið, bætt við hurð á vesturhlið 1. hæðar á sameiginlegt inntaksrými, stiga milli hæða hefur verið snúið um 180° og þakgluggi og stigar frá svölum hafa verið felldir niður í tvíbýlishúsi á lóð nr. 6 við Iðunnarbrunn.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 2. júlí 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 2. júlí 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 5. júlí 2021.  
Stækkun: 207 rúmm.

Eftir stækkun, A-rými: 398,1 ferm., 1.431,6 rúmm.  
B-rými: 17,1 ferm.  
Samtals 415,2 ferm.  
Gjald kr. 12.100  
Frestað.  
Lagfæra skráningu.

22. Iðunnarbrunnur 8 (26.937.03) 206079 Mál nr.  
BN059110

Sveinn Gíslason, Ólafsgesli 97, 113 Reykjavík  
Helgi Gíslason, Vatnsendablettur 721, 203 Kópavogur  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN037102, þannig að innra skipulagi er breytt og innréttaðar eru tvær íbúðir, nýr inngangur settur á norðurhlíð, bætt við hurð á vesturhlíð 1. hæðar á sameiginlegt inntaksrými, bætt er við bílastæði framan við inngang ásamt því að þakgluggi og stigi frá svölum hafa verið felldir niður í tvíbýlishúsi á lóð nr. 8 við Iðunnarbrunn.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa dags. 2. júlí 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 2. júlí 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 5. júlí 2021.

Stækkun: 212,4 rúmm.

Eftir stækkun, A-rými: 398,1 ferm., 1.432,6 rúmm.

B-rými: 17,1 ferm.  
Samtals 415,2 ferm.  
Gjald kr. 12.100  
Frestað.  
Lagfæra skráningu.

23. Jöfursbás 5 (22.204.02) 228385 Mál nr.  
BN059868

410321-1140 Jöfursbás 5 ehf., Katrínartúni 2, 105 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að byggja 25 íbúða fjölbýlishúsi á 3-5 hæðum auk kjallara, mhl.03, burðarvirki staðsteypt en stigahlaup og svalir úr forsteyptum einingum á lóð nr. 5 við Jöfursbás.

Stærð er: 2.311,5 ferm., 7.574,2 rúmm.

Erindi fylgir greinargerð brunahönnuðar dags. 25. ágúst 2021, greinargerð um hljóðvist dags. 7. september 2021 og afrit af uppdrætti deiliskipulags sem birtur var í B-deild þann 16. mars 2021.

Gjald kr.12.100

Frestað.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

24. Jöfursbás 5 (22.204.02) 228385 Mál nr.  
BN060023

410321-1140 Jöfursbás 5 ehf., Katrínartúni 2, 105 Reykjavík

Sótt er um leyfi til byggja 23 íbúða fjölbýlishúsi á 5 hæðum auk kjallara, mhl.02, burðarvirki staðsteypt en stigahlaup og svalir úr forsteyptum einingum á lóð nr. 5 við Jöfursbás.

Stækkun er: 2.278,1 ferm., 7.479,0 rúmm.

Gjald kr.12.100

Frestað.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

25. Jöfursbás 5 (22.204.02) 228385 Mál nr.  
BN059926

410321-1140 Jöfursbás 5 ehf., Katrínartúni 2, 105 Reykjavík

Sótt er um leyfi til þess að byggja staðsteyptan bílakjallara, mhl.04, á einni hæð með 49 bílastæðum sem mun þjóna þremur fjölbýlishúsum á lóð nr. 5 við Jöfursbás.

Stærð er: 1.609,5 ferm., 4.988,5 rúmm.

Erindi fylgir greinargerð brunahönnuðar dags. 25. ágúst 2021 og greinargerð um hljóðvist dags. 7. september 2021.

Gjald kr.12.100

Frestað.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

26. Jörfagrund 54-60 (32.472.002) 225144 Mál nr.  
BN059816  
560321-1980 Jörfahús ehf., Starmóa 17, 800 Selfoss  
Sótt er um leyfi til að byggja 13 íbúða, tveggja hæða fjölbýlishús, úr timbri á staðsteyptum undirstöðum á lóð nr. 54-60 við Jöfragrund.  
Stærð: 906,5 ferm., 2.828,0 rúmm.  
Meðfylgjandi er tölvupóstur umsækjanda vegna afturköllunar byggingarleyfis, BN059258 dags. 1. september 2021.  
Gjald kr.12.100  
Frestað.  
Vísað til athugasemda eldvarnaeftirlits.
27. Kringlan 4-12 (17.210.01) 107287 Mál nr.  
BN060036  
530117-0650 Reitir - verslun ehf., Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að hækka hluta mhl. 02 og innrétta nýjan bíosal á 3. hæð, nýjar snyrtingar fyrir hæðina og gera nýja flóttaleið út á svalir Kringlunnar á lóð nr. 4-12 við Kringluna.  
Erindi fylgir yfirlit yfir breytingar.  
Stækkun, mhl. 02: ferm., rúmm.  
Eftir stækkun: 13.977,2 ferm., 57.272,6 rúmm.  
Gjald kr. 12.100  
Frestað.  
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
28. Krókháls 5-5G (43.234.01) 111039 Mál nr.  
BN059999  
680604-3040 Nafir ehf., Krókhálsi 5, 110 Reykjavík  
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem og breytingum á brunahönnun í húsi, mhl. 02, á lóð nr. 5D og 5E við Krókháls.  
Gjald kr. 12.100  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
29. Kuggavogur 2 (14.515.01) 225189 Mál nr.  
BN060033  
710817-0810 ÞG hús ehf., Lágmúla 7, 108 Reykjavík  
Sótt er um leyfi fyrir djúpgámum norðaustur við hús á fylgilóð nr. 2a við lóð 2 við Kuggavog.  
Stækkun er: xx,x ferm., xx,x rúmm.  
Erindi fylgir hæðarblað dags. 2. nóvember 2017.  
Gjald kr.12.100  
Frestað.  
Erindi vísað til umsagnar skrifstofu umhverfisgæða.
30. Köllunarklettsvegur 1 (13.2--.98) 103868 Mál nr.  
BN059055  
501218-1460 Hafnagarður ehf., Vallakór 4, 203 Kópavogur  
